

Ársskýrsla Fókus

2016/2017

Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

Síðasta starfsár var stjórnin skipuð þannig

Formaður	Ingvar Hjálmarsson
Ritari og varaformaður	Anna Hafberg
Meðstjórnendur	Erla Björnsdóttir
	Birna Björg Másdóttir
	Marta Serwatko

Fræðslufundir og ráðstefnur

Starfsárið 2016-2017 var með hefðbundnu sniði. Haldnir voru tveir viðburðir á vegum Fókus. Annars vegar hádegisverðarfundur í ágúst sem fjallaði um nýtingu tækni til að tengja betur saman heimilin og heilbrigðiskerfið. Þar voru leiddir saman fulltrúar úr heilbrigðiskerfinu, s.s. Daníel Ásgeirsson, læknir sem lýsti þörfum notendans fyrir upplýsingatækni í heilbrigðiskerfinu. Næstur talaði Garðar Þorvaldsson, frksvstj. Kvikna ehf. um þær lausnir sem fyrirtæki hans býður til að fjarvaka heilaritmælingar í gegnum "Skýið" (e. Cloud). Að lokum talaði Guðlaug Margrét Jónsdóttir frá Hjartagátt LSH um þau verkefni sem þau nýta tæknina í. Fundarstjóri var Ingvar Hjálmarsson frá Nox Medical. Góðar umræður sköpuðust í lokin.

Seinni viðburður ársins var heilbrigðisráðstefnan sem fjallaði um hugræna tölvun (e. cognitive computing) og tækifærin sem liggja í þess konar tækni fyrir heilbrigðiskerfið. Á sama tíma og upplýsingamagn hefur aldrei verið meira er sífellt minni tími sem gefst í að skilja það og beita í skýrum tilgangi. Á sama tíma er ör þróun í tölvutækni sem safnar ekki bara saman upplýsingum - heldur skilur, lærir og aðstoðar við að breyta upplýsingum í raunverulega þekkingu. Þetta er hugræn tölvun (cognitive computing).

Markmið heilbrigðisráðstefnunnar var að skoða betur þessi vandamál sem heilbrigðiskerfi nútímans stríðir við og kanna hvort ný þróun í hugrænni tölvun sé raunverulega með einhver svör við þeim.

Lykilfyrirlesari var Anders Quitzau, IBM Watson Advocate. Hann er sérfræðingur frá IBM í Watson og hefur rannsakað í þaula hvernig hugræn tölvun getur haft áhrif á heilbrigðiskerfi framtíðarinnar. Hann lýsti Watson lausninni frá IBM og talaði m.a. um dæmi hvar hún hefur nýst til nýrrar nálgunar á greiningu krabbameins. Næstur talaði Dr. Björn Guðbjörnsson um það gríðarlega magn upplýsinga sem nútímalækningar krefjast og þeirra áskorana sem tengdust því að tengja saman upplýsingar úr ólíkum áttum. Daníel Ásgeirsson læknir talaði svo um stuðningskerfi við klíniska ákvarðanatöku sem geta aðstoðað við úrlausn flókinna vandamála. Að lokum talaði verðlaunahafi nýsköpunarverðlauna forseta Íslands, Sölvi Rögnvaldsson, um verkefni sitt við Háskóla Íslands - áhættureikni við meðhöndlun sjúklinga með mergæxli. Fundarstjóri var María Heimisdóttir frá LSH.

Þakkir

Þakkir fá stjórn Fókus fyrir að setja saman áhugaverða dagskrá starfsárið 2016-2017 ásamt henni Arnheiði hjá Ský fyrir ómetanlega aðstoð og stuðning.

Reykjavík 28. febrúar 2017. Ingvar Hjálmarsson, formaður Fókus 2016-2017